



29. mars 2012

## Ávarp

Láru V. Júlíusdóttur, formanns bankaráðs.  
Flutt á 51. ársfundi Seðlabanka Íslands, 29. mars 2012.

Hæstvirtur forsætisráðherra, ráðherrar, bankastjórar, sendiherrar erlendra ríkja og aðrir góðir gestir!

Í dag er 51 ár liðið frá því að Seðlabanki Íslands var stofnaður og eftir örfáa daga eru 25 ár liðin frá því að flutt var í þessa byggingu. Það verður ekki annað sagt en að þetta hús beri aldurinn vel. Fyrir hönd bankaráðs Seðlabanka Íslands býð ég ykkur velkomin til þessa fimmtugasta og fyrsta ársfundar bankans og segi fundinn settan.

Það er ýmislegt hefur breyst á þessum 25 árum sem liðin eru frá því að flutt var í þetta hús.

Eitt af því sem ánægjulegt má telja er aukinn hlutur kvenna í bankanum og aukið menntunarstig.

Þegar bankinn flutti í húsið voru konur tæplega helmingur starfsmanna. Fimmtíu starfsmenn voru háskólamenntaðir og þar af fimm konur. Það fór ekki mikið fyrir konum í stjórnunarstöðum á þessum tíma.

Í lok þessa árs voru konur enn tæplega helmingur starfsmanna bankans. Hins vegar eru þær nú um helmingur háskólamenntaðra starfsmanna bankans og hefur háskólamenntuðum starfsmönnum fjölgað um helming og eru nær 100 talsins.

Hvað varðar stjórnunarstöður eru konur í dag helmingur framkvæmdastjóra bankans, 6 af 11.

Að loknum inngangsorðum mínum verður spiluð upptaka af ávarpi Steingríms J. Sigfússonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, en hann er þessa stundina staddur í Toronto í Kanada að taka þátt í umræðum um stöðu efnahagsmála í heiminum. Að loknu ávarpi ráðherra flytur Már Guðmundsson seðlabankastjóri, ársfundarræðu sína. Að loknum fundarstörfum býð ég fundargestum að þiggja veitingar í anddyri Seðlabankans.

Efnahags- og viðskiptaráðherra hefur staðfest samstæðuársreikning bankans fyrir árið 2011 með áritun sinni. Ársskýrsla bankans fyrir árið 2011 er gefin út í dag og liggur frammi í lok fundar.

Ársskýrslan lýsir að venju þeirri margbreytilegu starfsemi sem á sér stað innan veggja Seðlabankans. Nokkrar breytingar urðu í stjórnendaliði bankans á liðnu ári. Ásta H. Bragadóttir tók við starfi rekstrarstjóra af Ingvari A. Sigfússyni í febrúar. Tryggvi Pálsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs í lok ágúst og var sviðinu skipt upp í tvær einingar, Greiðslukerfi og Fjármálastöðugleika. Guðmundur Kr. Tómasson tók við sem framkvæmdastjóri Greiðslukerfa í september og Sigríður Benediktsdóttir tók við starfi framkvæmdastjóra Fjármálastöðugleika um áramótin. Fjöldi starfsmanna var 148 í lok síðasta árs og hafði þá fjölgað um þrjá starfsmenn á árinu.

Bankaráð starfaði vel á árinu. Reglulega var fundað um hin fjölbreyttustu mál er snerta bankann og rekstur hans.

Margt getur breyst á einu ári og þó að hagkerfið sigli enn ekki lygnan sjó hefur átt sér stað jákvæð þróun á árinu. Talsverður viðsnúningur hefur einnig orðið á afkomu Seðlabankans..

Ég mun nú stuttlega rekja afkomu og efnahag bankans að meðtöldum dótturfélögum.

Uppsetning reikninga er að þessu sinni með breyttu sniði til að gefa betri mynd af stöðu mála. Einnig hefur verið bætt við viðauka sem sýnir rekstur og efnahag dótturfélaga bankans.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður ársins 2011 rúmlega 14 milljarðar króna. Til samanburðar var afkoma ársins 2010 neikvæð um ríflega 13 milljarða króna. Skýrist sú breyting einkum af auknum vaxtatekjum, lækkuðum vaxtagjöldum og jákvæðum gengismun. Þannig jukust vaxtatekjur um ríflega 12 milljarða króna, eða 25%. Einnig drógust vaxtagjöld saman sem nemur ríflega 8 milljörðum króna, eða 23,4% frá fyrra ári. Gengismunur var jákvæður um 7,5 milljarða króna.

Aðrar rekstrartekjur breyttust lítið milli ára en önnur rekstrargjöld hækkuðu um tæplega fjóra milljarða, eða sem nemur 16% frá fyrra ári. Þar munar mestu um virðisrýrnun krafna sem nemur rúmlega tveimur og hálfum milljarði og annan rekstrarkostnað sem hækkar um nær hálfan milljarð vegna kostnaðar við rekstur á greiðslukerfum í eigu dótturfélaga Seðlabanka Íslands.

Efnahagsreikningur Seðlabankans óx um rúmlega 23% milli ára á síðasta ári. Eignastaða hækkaði um 303 milljarða króna á árinu 2011, en skuldastaða hækkaði á sama tíma um 289 milljarða króna. Eignir umfram skuldir, eigið fé bankans, var rúmlega 83 milljarðar í árslok. Aukið umfang efnahagsreikningsins helgast einkum af tvennu; auknum lántökum og innstæðum annarra aðila en fjármálastofnana hjá bankanum. Árið 2011 nam ádráttur lána hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og norska seðlabankanum um 148 milljörðum króna. Lánin eru varðveitt sem hluti af gjaldeyrisforða í vörslu Seðlabankans. Innstæður annarra aðila jukust um ríflega 246 milljarða króna,

sem er aukning um nær 40%. Aukning á gjaldeyrisreikningum ríkissjóðs skýrist einkum af skuldabréfaútgáfu Ríkissjóðs Íslands í júní 2011 og einnig vegna ádráttar á Norðurlandalánum sem var lagður inn á gjaldeyrisreikninga hjá Seðlabankanum.

Seðlabankinn greiðir verulegar fjárhæðir til ríkissjóðs vegna starfsemi sinnar á árinu 2011. Fyrst í formi tekjuskatts dótturfélaga sem nemur um fimm milljörðum króna. Arðgreiðslur samkvæmt reglum um framlag til ríkissjóðs nema þremur og hálfum milljarði. Samtals eru þetta um átta og hálfur milljarður króna. Til viðbótar greiðir bankinn hagnað vegna gjaldeyrisútboða, sem nam einum milljarði að meðtöldu útboði í febrúar. Samkvæmt dagskrá verða fleiri útboð haldin á þessu ári. Alls mun Seðlabankinn því greiða um níu og hálfan milljarð króna í ríkissjóð.

Ágætu fundargestir

Árni Páll Arnason efnahags- og viðskiptaráðherra lét af störfum á síðasta degi ársins og vil ég fyrir hönd bankans þakka samstarfið við hann. Á sama tíma óskar seðlabankinn Steingrími J. Sigfússyni góðs gengis í starfi.

Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að þakka bankaráði og starfsmönnum bankans fyrir ágætt samstarf á árinu. Við hlýðum nú á ávarp efnahags- og viðskiptaráðherra og að því loknu tekur til máls Már Guðmundsson seðlabankastjóri.